

58 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-
 19. júní *amtinu um sveitarstyrk.* — Með brjefi, dagsettu 18. janúar þ. á., hafið þjer, heira amtmaður, leitað úrskurðar míns um ágreining milli Mjóafjarðarhrepps í Suðurmúlasýslu og hins forna Leiðvallarhrepps í Skaptafellssýslu út af kröfu fyrnefnds hrepps á hendur hinum síðarnefnda til endurgjalds á framfærslustyrk veittum Filippusi nokkrum Jónssyni árið 1893, og hafa hvorki hlutadeigandi sýslumenn, nje þjer og amtmaðurinn yfir Norðuramtinu og Austuramtinu getað orðið samdóma um þetta mál. Málavextir eru þessir.

Haustið 1893 veitti hreppsnefndin í Mjóafjarðarhreppi Filippusi þessum Jónssyni, sem þá hafði dvalið þar í hreppi 7 ár samfleytt, en var sveitlægur í Leiðvallarhreppi hinum forna, 23 króna styrk í kornmat úr sveitarsjóði, og hefir hún krafizt — eptir því, sem ætla má, í tæka tíð — að fá styrk þennan endurgoldinn af sveitarsjóði hins forna Leiðvallarhrepps. Hreppsnefndin þar í hreppi hefir fyrst í brjefi 7. marz 1895 haldið því fram, að sannanir vantaði fyrir því að hirn umræddi styrkur væri löglega veittur, og síðan í brjefi 17. oktbr. 1898 neitað »að sinna« kröfunni um endurgreiðslu á styrknum, »þar til sannað er með löglegri aðsjónargjörð á efnun og ástæðum þiggjandans, að hann sje eigi sjálfur fær um að borga skuldina«. Aðsjónargjörð var svo framkvæmd hjá Filippusi af hreppstjóranum í Mjóafjarðarhreppi með öðrum tilnetndum manni, og komust skoðunarmennirnir að þeirri niðurstöðu, að Filippus væri mjög efnalltill, og hinar litlu eigur hans væri allar vedsettar fyrir gömlum skuldum, og að eigi væri þá sjáanlegt, að hann kæmist af um veturnn án sveitarstyrks handa fjölskyldu sinni. Samt hefir hreppsnefnd Leiðvallarhrepps hins forna síðar neitað að greiða hinn umgetna styrk, af þeim ástæðum, að styrkurinn hafi ekki verið löglega veittur vegna vantandi aðsjónargjörðar hjá Filippusi, þá er styrku inn var veittur, og að engin beiðni liggi fyrir frá þiggjandanum. Hin síðarnefnda ástæða er samt eigi á rökum byggð, því að fram hefir verið lögð skrifleg beiðni frá Filippusi um styrkinn, dagsett sama dag sem styrkurinn var veittur, og hefir þessi beiðni um sama leyti verið innfærð í brjefabók Mjóafjarðarhrepps. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu og þjer, herra amtmaður, hafið fallizt á hina ástæðu hreppsnefndarinnar fyrir neitun hennar um að endurgreiða styrkinn: að engin lögleg aðsjónargjörð hafi fram farið, er styrkurinn var veittur. Ennfremur hafið þjer tekið það fram, að áðurnetnd yfirlýsing hennar frá 12. oktbr. 1898 sje að yðar skoðun þýðingarlaus og apturkölluð, enda sje skoðunargjörð sú, sem þar er krafizt, framkvæmd af hreppstjóranum og einhverjum öðrum manni.

Amtmaðurinn yfir Norðuramtinu og Austuramtinu hefir aptur á móti haldið því fram, að hreppsnefndin í Mjóafjarðarhreppi hafi eptir atvikum nægilega sýnt fram á, að Filippus hafi eigi komizt af án hins umrædda styrks, og að hinn forni Leiðvallarhreppur hafi samþykkt styrkveitinguna í optnefndu brjefi sínu frá 12. oktbr. 1898.

Það er nú að vísu svo, að eigi hefir framfarið regluleg aðsjónargjörð hjá Filippusi haustið 1893, er honum var veittur hinn umgetni sveitarstyrkur, heldur hefir hreppsnefndin í Mjóafjarðarhreppi látið sjer nægja í því efni vott-

orð tveggja bænda, nábúa hans, sem ritað er á styrkbeiðnina, — og dagsett **58**
 sama dag og styrkurinn er veittur, — um að Filippus sje þurfandi styrksins. **19. júní**
 Þótt það sje aðfinnsluvert, að hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps eigi hefir látið
 reglulega aðsjónargjörð framfara hjá Filippusi, þá verð jeg að vera amtmann-
 inum yfir Norduramtínu og Austuramtínu samdóma um, að það, að aðsjónar-
 gjörðinni var sleppt í þetta sinni, eigi eptir atvikum ekki að svipta Mjóafjarðar-
 hrepp rjettinum til að fá styrkinn endurgoldinn, einkum þar sem jeg verð að á-
 líta, að með yfirlýsing sinni 12. oktbr. 1898 hafi hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi
 hinum forna afsalað sjer rjetti til að synja þess, að taka kröfuna til greina,
 vegna þess að aðsjónargjörð hafi eigi fram farð áður en styrkurinn var veittur,
 enda get jeg eigi betur sjeð en að aðsjónargjörð sú, er fram fór 21. desbr.
 1898 hjá Filippusi, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í yfirlýsingunni, og með því
 að dráttur sá, er orðið hefir á máli þessu, eigi virðist vera hreppsnefndinni í
 Mjóafirði að kenna, úrskurdast hjer með, að hinn forni Leiðvallarhreppur endur-
 greiði Mjóafjarðarhreppi hinn umrædda sveitarstyrk, 23 kr.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar,
 og til birtingar fyrir hreppsnefndinni í Leiðvallarhreppi hinum forna, skal jeg
 beiðast þess, að þjer hlutizt til um, að hin umgeta upphæð verði endurgreidd
 Mjóafjarðarhreppi án frekari dráttar.

Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtínu og Austur- 59
amtínu um borgun til úttektarmanna og virðingar- og skoðunar- 20. júní
manna. Í brjefi, dagsettu 20. apríl þ. á., hafð þjer, herra amtmaður, beiðzt
 úrlausnar miunar á eptirgreindum fyrirspurnum hreppstjórans í Vopnafjarð-
 arhreppi:

1. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn dagpeninga við úttektir á jörðum, með-
 an úttektin stendur yfir, og eins á ferðinni til úttektar, og frá henni aftur?
2. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn bæði dagpeninga og mlupeninga, og
 eiga þeir 50 aura fyrir mluna hvora leið, eða að eins fyrir mluna fram
 og tilbaka?
3. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn 2 kr. fyrir úttektargjörð á jörðu og
 þar fyrir utan dagpeninga, ef gjörðin stendur yfir meira en 10 klukku-
 stundir?
4. Á hreppstjóri 1 kr. fyrir að bóka hverja gjörð, sem hann er viðstaddur?

Um borgun fyrir úttektir segir svo í 8. gr. laga nr. 3, 13. janúar 1882,
 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, að hverjum úttekt-
 armanni skuli greiða 2 kr. fyrir hvern dag, sem úttektin stendur yfir, og að
 þóknunin skuli teljast eptir ákvörðuninni í 15. gr. aukatekjureglugjörðar 10. sept.
 1830, en þar er ákveðið, að ef gjörð stendur yfir í eitt skipti (s: sama daginn)
 meir en 8 tíma, megi reikna daginn sem 1½ dag, og hafð þjer tekið fram, að